

Jón Pálsson.

fyrverandi bankafehirðir er 70 ára í dag.

Hann er merkur-maður og hefir unnið þjóð vorri mikið gagn á ýmsum sviðum.

Þeir sem kynnast vilja upplendi og starfsemi þessa þjóðnýta manns, geta lesið æfiágrip hans í Óðni 1922. Er það allýtarlegt. En síðan það var skráð, hefir Jón Pálsson haldið áfram menningarstarfi sínu og mannúðar. Hafa honum veizt næg tækifæri síðustu árin til að sýna vitsmuni, dugnað og velvilja, þar sem hann hefir starfað í barnaverndarnefnd Reykjavíkur, síðan hún var kosin, og verið formaður hennar.

H. J.